

**Rangárþing eystra**  
**Skólafélagið 2015 – 2020**



<b>1.</b>	<b>Inngangur.</b>	<b>2</b>
1.1.	Skólaþing.	2
1.2.	Skólastefna.	2
1.3.	Hlutverk Rangárþings eystra í skólamállum.	2
<b>2.</b>	<b>Framtíðarsýn Rangárþings eystra í skólamállum til ársins 2020..</b>	<b>4</b>
<b>3.</b>	<b>NÁMIÐ – FYRIR NEMENDURNA</b>	<b>6</b>
3.1.	Að bjóða faglega kennslu og einstaklingsmiðað nám þar sem komið er til móts við áhugasvið hvers einstaklings.	6
3.2.	Að læsi í sem fjölbreyttastri mynd verði áherslumál á öllum stigum skólagöngunnar.	6
3.3.	Að námið byggi upp sterka sjálfmynd nemenda og efli félagsfærni þeirra.	6
3.4.	Að skólar sveitarfélagsins séu án aðgreiningar, styðji við öll börn og stuðli þannig að jöfnun tækifæra til framtíðar.	6
3.5.	Að nám einkennist af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu, samfélagstengingu, tjáningu og sjálfbærni.	7
<b>4.</b>	<b>FAGLEGT STARF OG INNVÍÐIR SKÓLANNA</b>	<b>9</b>
4.1.	Að skólastarfið einkennist af áherslu á jafnrétti, virðingu og víðsýni.	9
4.2.	Að skólastarfið byggi á markvissri skólaþróun. Skólastarf er metnaðarfullt bæði í faglegu tilliti og varðandi mönnun og aðbúnað.	9
4.3.	Að innra og ytra mat verði nýtt til markvissrar skólaþróunar og byggi þannig undir bættan árangur nemenda og sterkt faglegt starf í skólum sveitarfélagsins.	9
4.4.	Að aðbúnaður og starfsumhverfi sé gott bæði með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi.	9
<b>5.</b>	<b>SKÓLARNIR OG NÆRSAMFÉLAGIÐ</b>	<b>11</b>
5.1.	Að koma á aukinni samþættingu milli skólanna, heimila og annarrar starfsemi í samfélaginu.	11
5.2.	Að tryggja gott samstarf innan skóla í nærsamfélaginu.	11
5.3.	Að skólastarf í sveitarfélaginu stuðli að andlegri og líkamlegri heilsuefningu.	11

---

## 1. Inngangur.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra annast rekstur leikskóla og grunnskóla í sveitarfélaginu. Leikskóli sveitarfélagsins heitir Örk og er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn allt frá 12 mánaða aldri. Að jafnaði eru um 85 - 95 nemendur í leikskólanum. Einn grunnskóli starfar í sveitarfélaginu, Hvolsskóli. Nemendur Hvolsskóla eru að jafnaði um 220 - 250 í 1.- 10. bekk.

Sveitarfélagið er jafnframt í samstarfi á héraðsgrundvelli um rekstur Tónlistarskóla Rangæinga og er tónlistarskólinn í húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem er samtengt húsnæði grunnskólans. Fræðslunet Suðurlands er einnig með aðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins. Samtengt grunnskólanum er Héraðsbókasafn Rangæinga. Íþrótta- og sundaðstaða er við hlið grunnskólans. Samstarf allra þessara aðila er gott.

Áfram er stefnt að þróun og samstarfi í skólastarfi og vill sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til þess að ýta undir stöðuga þekkingaröflun barna og fullorðinna.

### 1.1. Skólaþing.

Stór liður í stefnumörkun Sveitarfélagsins í skólamállum var skólaþing sem haldið var 27. nóvember 2013. Skólaþingið var opið öllum íbúum sveitarfélagsins og mættu nemendur, kennarar, foreldrar og fleiri áhugasamir.

Á þinginu gafst öllum færi á að koma sínum hugmyndum á framfæri og voru allar hugmyndir skrásettar og varðveittar til frekari úrvinnslu. Þessi leið er skemmtileg, lýðræðisleg og vel til þess fallin að opna og auka umræðu um skólamál.

### 1.2. Skólastefna.

Á grundvelli undirbúningsvinnu sveitarfélagsins og þeim hugmyndum sem fram komu á skólaþinginu er skólastefna Rangárþings eystra og framtíðarsýn sveitarfélagsins í skólamállum lögð fram. Við framsetninguna er leitast við að taka mið af grunnpáttum menntunar eins og þeim er lýst í nýjum aðalnámskrám fyrir skólastigin þrjú en grunnpættirnir eru: *læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.*

### 1.3. Hlutverk Rangárþings eystra í skólamállum.

- Að skapa og viðhalda umgjörð á sviði skólamála sem er faglega sterk.
- Að tryggja framboð á úrvalsgóðri menntun á sviði leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Að styðja við þekkingaröflun að loknu skyldunámi.

# Framtíðarsýn til ársins 2020



---

## 2. Framtíðarsýn Rangárþings eystra í skólamállum til ársins 2020

- Skólar Rangárþings eystra eru framsæknir og skólastarfið einkennist af fagmennsku og virkri skólaþróun.
- Skólastarf einkennist af áherslu á jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð, virðingu og víðsýni.
- Meginmarkmið skólastarfs er að börnum og starfsmönnum líði vel við að byggja sig upp sem einstaklinga. Þau öðlist færni í að afla sér þekkingar, miðla reynslu á uppbyggilegan hátt og starfa sem hluti af heild.
- Nám er einstaklingsmiðað og nemendur ljúka leik- og grunnskóla með sterka sjálfsmynd, færni í að tjá skoðanir sínar, góða almenna þekkingu, öfluga félagsfærni, hæfni í gagnrýnni hugsun og færni til að nýta og þróa hæfileika sína.
- Nemendur setja sér markmið. Skólastarfið styðji ávallt við nemandann til að ná fram sínum besta árangri hverju sinni.
- Skólastarf er heilsueflandi. Starfið styður við andlega og líkamlega heilsu og stuðlar að heilbrigðum lífstíl.
- Skólastarf er sýnilegt og í gagnkvæmum tengslum við samfélagið.
- Skólastarf stuðlar að námi á sviði sjálfbærni og virðingu fyrir náttúru.
- Skóla- og frístundastarf er samfellt.

Í þremur hlutum hér á eftir er skilgreint nánar hvernig sveitarfélagið hyggst uppfylla hlutverk sitt og innleiða ofangreinda framtíðarsýn. Í hverjum kafla er að finna yfir- og undirmarkmið sveitarfélagsins en skólunum er falið að finna leiðir til að ná þeim. Gert er ráð fyrir að fræðslunefnd sveitarfélagsins, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla,

nr. 91/2008, verði falið að hafa árlega frumkvæði að endurskoðun leiða og markmiða, í samvinnu við skólastjórnendur og starfsfólk skólanna.

Fyrsti hluti heitir „Námið – fyrir nemendurna“ en þar er fjallað um námið sjálft. Annar hluti ber yfirskriftina „Faglegt starf og innviðir skólanna“ og fjallar um áherslur í starfinu og hlutverk starfsmanna skólanna. Þriðji og síðasti hlutinn heitir „Skólarnir og nærsamfélagið“. Þar er fjallað um hversu mikilvægt er að skólinn tengist atvinnu- og menningarlífi í nærsamfélaginu. Áhersla er á samvinnu við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu og víðar en ekki síst er áherslan á trausta og öfluga samvinnu við foreldra og heimili um sameiginleg markmið okkar allra í menntun og uppleddi vaxandi einstaklinga.

# Námið – fyrir nemendurna



### 3. NÁMIÐ – FYRIR NEMENDURNA

#### Markmið

#### 3.1. Að bjóða faglega kennslu og einstaklingsmiðað nám þar sem komið er til móts við áhugasvið hvers einstaklings.

- ✓ Nemendur njóti faglegrar kennslu í öllum greinum.
- ✓ Tryggt verði að hópar og deildir verði ekki of fjölmennar.
- ✓ Kennarar leggi áherslu á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- ✓ Nám er einstaklingsmiðað þar sem þörfum nemenda er mætt með krefjandi viðfangsefnum við hæfi hvers og eins.
- ✓ Skólarnir skipuleggi verkefni til að auka sýn og skilning nemenda á sjáfbærni í sínu nærumhverfi.
- ✓ Nám utandyra verði nýtt sem leið til að efla áhuga á hreyfingu og skilning á náttúrunni þvert á námsgreinar.

#### 3.2. Að læsi í sem fjölbreyttastri mynd verði áherslumál á öllum stigum skólagöngunnar.

- ✓ Unnið er markvisst eftir lestrarstefnu grunnskólans og endurskoðun hennar verði unnin í samstarfi við leikskóla.
- ✓ Lögð er áhersla á að lestrarnám hefist í leikskóla.
- ✓ Sérstök áhersla verði lögð á að auka læsi og byggja undir og þjálfá enn frekar lestrarkunnáttu eldri nemenda.
- ✓ Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt miði að því að nemendur séu gagnrýnir á þær upplýsingar sem aflað er og geti metið gæði heimilda.

- ✓ Sérstaklega verði hugað að samspili list-, sköpunar-, og tæknigreina við grunngreinar.
- ✓ Sérstök áhersla verði á kennslu í raungreinum og náttúruvísindum.

#### 3.3. Að námið byggji upp sterka sjálfsmynd nemenda og efla félagsfærni þeirra.

- ✓ Lögð verði áhersla á þjálfun í gagnrýnni hugsun og opinni tjáningu.
- ✓ Þarfir nemenda verði hafðar að leiðarljósi við skipulag skólastarfs.
- ✓ Nemendur njóta aðstoðar við að byggja sig upp sem einstaklinga og leysa vandamál sem upp kunna að koma. Byggt er á uppeldisstefnum skólanna.

#### 3.4. Að skólar sveitarfélagsins séu án aðgreiningar, styðji við öll börn og stuðli þannig að jöfnun tækifæra til framtíðar.

- ✓ Skólarnir hafi á að skipa starfsfólki með menntun og reynslu sem stutt getur við framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar.
- ✓ Áfram verði byggt á góðu starfi, skipulögðum aðgerðum og stuðningi við börn með ólíkan þroska.
- ✓ Samskipti nemenda og starfsfólks einkennist af virðingu, eru uppbyggileg og lausnamiðuð.
- ✓ Aðgengi að sérfræðipjónustu sé tryggt, til dæmis í gegnum Skólaþjónustu. Skólaþjónusta sinnir m.a. greiningum, veitir ráðgjöf og aðstoðar við skipulagningu inngripa í kennslu. Skólinn hefur yfir að ráða viðurkenndum aðferðum og matstækjum.
- ✓ Skólarnir eru leiðbeinandi fyrir foreldra varðandi nám barna.

### 3.5. Að nám einkennist af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu, samfélagstengingu, tjáningu og sjálfbærni.

- ✓ Í inntaki náms verði lögð áhersla á sköpun í hefðbundnum greinum.
- ✓ Lögð verði áhersla á fjölbreytileika í listgreinum.
- ✓ Lögð verði áhersla á nám á sviði sjálfbærni og umgengni um náttúru á grunni náttúruvísinda og landnýtingar. Meðal annars verði fengið innlegg frá fagaðilum á svæðinu.
- ✓ Í inntaki námsins verði áherslan aukin á verklegar greinar með samstarfi við atvinnulíf á svæðinu.
- ✓ Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt sé framsækin og kennarar nýti sér nýjustu tækni eins og kostur er hverju sinni.
- ✓ Kennarar leitist við að virkja styrkleika nemenda og efla sjálfstraust, til dæmis með því að nemendur fái æfingu í að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.

#### *Dæmi um hugmyndir frá Skólapingi:*

Skemmtilegan og frábæran.

Temja víðsýni í námi og kennslu.

Hafa skóladaginn jafnlangan (sumir dagar eru mjög langir).

Áhersla á grundvallarþekkingu (lestur, stærðfræði).

Hlúa að tólmstundastarfi eins og skák, íþróttum, listum og tónlist.

Áhersla á sköpun; tónlist, leiklist, myndlist ofl.

Auka áhugasviðsverkefni á elsta stigi.

Að börnin komi með jákvæða óskerta sjálfsmýnd inn í framhaldsskólana.

Nemendur búi yfir sterkri og góðri sjálfsmýnd og góðri mynd af sér sem námsmanni.



# Faglegt starf og innviðir skólanna



## 4. FAGLEGT STARF OG INNVIÐIR SKÓLANNA

### Markmið

#### 4.1. Að skólastarfið einkennist af áherslu á jafnrétti, virðingu og víðsýni.

- ✓ Skólarnir starfi eftir jafnréttisáætlun.
- ✓ Nemendalýðræði verði virkt og nýtt til þess að þróa og bæta skólastarf á hverjum tíma.
- ✓ Áhersla er á uppbyggileg samskipti og lausnir.
- ✓ Viðbagðsáætlunir gegn einelti eru virkar og þeim fylgt eftir.

#### 4.2. Að skólastarfið byggi á markvissri skólaþróun. Skólastarf er metnaðarfullt bæði í faglegu tilliti og varðandi mönnun og aðbúnað.

- ✓ Skólastjórar og deildarstjórar eru faglegir leiðtogar. Unnið er markvisst að samstarfi alls starfsfólks.
- ✓ Unnið verði að fjölgun fagfólks í leikskólanum með kynningu á starfinu út á við og með því að hvetja ófaglært starfsfólk til að sækja sér menntun. Sveitarfélagið styður ófaglært starfsfólk skólanna við að sækja sér nám.
- ✓ Allir starfsmenn leik- og grunnskóla sveitarfélagsins eigi kost á símenntun og starfsþróun í samráði við sína yfirmenn.
- ✓ Tækninýjungar við nám verði innleiddar í samræmi við fagleg markmið í námi og tæknilegir innviðir skólanna mæti þörfum á hverjum tíma. Kennarar fái svigrúm og stuðning til að sækja menntun og þjálfun á þessu sviði.

#### 4.3. Að innra og ytra mat verði nýtt til markvissrar skólaþróunar og byggi þannig undir bættan árangur nemenda og sterkt faglegt starf í skólum sveitarfélagsins.

- ✓ Mótaðar verði leiðir um ytra mat og niðurstöður þess nýttar. Ytra mat getur gefið mikilvægar upplýsingar, ekki síst um styrkleika skólanna og hvernig má byggja á þeim.
- ✓ Innra mat sem byggir meðal annars á sjálfsmati verði áfram nýtt til markvissrar skólaþróunar.

#### 4.4. Að aðbúnaður og starfsumhverfi sé gott bæði með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi.

- ✓ Húsnæði skólanna, vinnuaðstaða nemenda og starfsfólks er aðlagð til að mæta þörfum starfseminnar á hverjum tíma. Áhersla er á vinnufrið og góða hljóðvist.
- ✓ Gott aðgengi er að sérfræðiþjónustu og ráðgjöf og kostir sameiginlegrar Skólaþjónustu á svæðinu eru nýttir til hins ýtrasta.

#### *Dæmi um hugmyndir frá Skólaþingi:*

Allir fái að vera þeir sjálfir.

Virkja styrkleika allra barna.

Ef einhver meiðir sig kemur annar og hjálpar.

Nemendur æfðir í eflingu sjálftrausts, bjartsýni og lífskúnst.

Nemendur þjálfaðir í að setja sér markmið og ná þeim.

Veita kennurum skipulagðan stuðning til nýbreytni á kennsluháttum.

Allt á að vera fjólublátt.

# Skólarnir og nærsamfélagið



## 5. SKÓLARNIR OG NÆRSAMFÉLAGIÐ

### Markmið

#### 5.1. Að koma á aukinni samþættingu milli skólanna, heimila og annarrar starfsemi í samfélaginu.

- ✓ Samstarf skóla og foreldra sé farsælt, foreldrar styðji við nám með virkum hætti.
- ✓ Skólastarf á vegum sveitarfélagsins er sýnilegt og skólarnir eru virkir þátttakendur í samfélaginu. Leikskóli og grunnskóli fara í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og samið er við þessa aðila um markvisst verknám og starfskynningar.
- ✓ Stuðlað sé að samfelli í þjónustu við barnafjölskyldur.
- ✓ Samstarf er við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, meðal annars í forvörnum.
- ✓ Skólarnir horfi til þess að hluti kennslu sé að sækja menningarviðburði og söfn. Foreldrum er þegar við á, gert kleift að taka þátt eða koma að undirbúningi og framkvæmd slíkra ferða.
- ✓ Sérstaklega verði hugað að þörfum nýbúa í sveitarfélaginu með móttökuáætlun þar sem skólar og menntun verði kynnt. Skólarnir vinni eftir áætlun við aðlögun og til að mæta þörfum nýbúa.
- ✓ Reglulegar kannanir verði gerðar á hugmyndum og sjónarmiðum foreldra og barna.
- ✓ Markmið sé að ekkert barn sé lengur en 45 mínútur hvora leið í og úr skóla og skólaakstur sé miðaður eins og unnt er við að styðja við samfelli í skóla- og frístundastarfi.
- ✓ Upplýsingastreymi milli skóla og þeirra aðila sem skipuleggja tómsundastarf sé tryggt. Samvinna milli foreldra og þessara aðila sé gott.

#### 5.2. Að tryggja gott samstarf innan skóla í nærsamfélaginu.

- ✓ Unnið verði að aukinni samfelli í námi á milli skólastiga, frá leikskóla að framhaldsskóla, með skipulegu samráði starfsmanna allra skólastiga.
- ✓ Hvatt er til samstarfs við framhaldsskóla og samvinnu við nágrennasveitarfélög í þessum efnum.
- ✓ Áhersla á samstarf tónlistarskólans og allra skólastiga.

#### 5.3. Að skólastarf í sveitarfélaginu stuðli að andlegri og líkamlegri heilsuefningu.

- ✓ Tryggt verði að nemendur og starfsfólk hafi aðgang að hollu og fjölbreyttu fæði og hvatt til hreyfingar og útiveru.
- ✓ Unnið er í sameiningu að heilsuefndi aðgerðum þvert á skóla í sveitarfélaginu.
- ✓ Boðið er uppá öflugt íþrótt- og tómsundastarf.
- ✓ Unnið er eftir forvarnaráætlun.

#### ***Dæmi um hugmyndir frá Skólaþingi:***

Vinna að því að foreldrar komi meira í skólann og verði tengdari honum.

Skapa fleiri, fjölbreyttari tækifæri fyrir tengsl nemenda við eldri borgara.


Tenging við sérkenni samfélagsins.

Fá pizzu í matinn og hamborgara, núðlur og lasagne.

Okkur líður vel þegar við borðum hafragraut og grjónagraut.

Hafa ristað brauð sem maður sker bara með smjöri.

Auka lýðræði, með fundum sem þessum, nýta og ýta undir frjóa hugsun og hugsa út fyrir rammann.



Leikur einn  
LEIKSKÓLINN ÖRK



Hvolsskóli

